

Þriðjudaginn 2. febrúar 1982.

Nr. 18/1982. **Björn Thoroddsen**  
 gegn  
**Pórunni Christiansen.**

Kærumál. Frestur. Máli vísað frá Hæstarétti.

### Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Logi Einarsson, Björn Sveinbjörnsson og Magnús Þ. Torfason.

Hlökkver Kjartansson, fulltrúi bæjarfógetans í Hafnarfirði, kvað upp hinn kærða úrskurð á bæjarþingi Hafnarfjarðar 14. janúar 1982. Með úrskurðinum synjaði hann beiðni sóknaraðilja um 4 vikna frest til að afla vitnaskýrslu Ásgeirs Christiansen, sem búsettur er í Los Angeles í Bandaríkjum Norður-Ameríku.

Sóknaraðili skaut úrskurðinum til Hæstaréttar með kæru 18. janúar 1982, sem barst Hæstarétti 19. s. m. Skírskotar hann til f liðar 1. tl. 1. mgr. 21. gr. laga nr. 75/1973 sem kæruehimildar. Hann krefst þess, að hinn kærði úrskurður verði úr gildi felldur og hinn umbeiðni frestur veittur. Hann krefst og kærumálskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Frá varnaraðilja hafa hvorki borist kröfur né greinargerð.

Með hinum kærða úrskurði var sóknaraðilja eigi synjað um, að fyrrgreindur Ásgeir Christiansen mætti koma fyrir dóm til að bera vætti í málinu, heldur var úrskurðað, að málinu yrði ekki frestað í því skyni. Lagaheimild brestur til að kæra þann úrskurð, sbr. gagnályktun frá j lið 1. tl. 1. mgr. 21. gr. laga nr. 75/1973. Ber því að vísa málinu sjálfkrafa frá Hæstarétti.

Kærumálskostnaður verður ekki dæmdur.

D ó m s o r ð:

Máli þessu er vísað frá Hæstarétti.